

Sp.

588. Tillaga til þingsályktunar

[164. mál]

um sölu þjóð- og kirkjujarða.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Jón Pálmason, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þeim bændum, sem búa á þjóð- og kirkjujörðum, verði gefinn kostur á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar fyrir fasteignamatsverð.

Greinargerð.

Í landinu er mikið af þjóð- og kirkjujörðum. Samkvæmt lögum er landeigandi skyldur til að byggja íbúðarhús á þeim jörðum, sem nauðsynlegt telst að endurbyggja. Þessari lagaskyldu hefur ríkið ekki fullnægt, enda væri það mjög kostnaðarsamt. En til þess að ekki væri með öllu útilokað, að byggt væri á jörðunum, hefur ríkið horfið að því ráði að gefa ábúendum veðleyfi fyrir byggingarláni. Landsetar ríkisins hafa því margir byggt á sinn kostnað og tekið byggingarlán undir eigin nafni, eftir að séð var, að ríkið gat ekki uppfyllt þær skyldur, sem á því hvíla samkvæmt ábúðarlögunum.

Á mörgum jörðum hefur í seinni tíð verið hafin framræsla og landþurrkun í ríkum mæli. Landeiganda ber að standa straum af þeim kostnaði, að svo miklu leyti sem styrkur ríkissjóðs hrekkur ekki til. Hefur það valdið miklum árekstrum og erfiðleikum milli ríkisins og ábúenda þjóð- og kirkjujarða, hvernig snúast beri við þeim útgjaldalið. Ríkið hefur ekki haft fé til að leggja fram í þessu skyni, og hvílir þessi kostnaður því nú á mörgum ábúendum ríkisjarða. Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru ætlaðar 150 þús. kr. til að mæta þessum útgjöldum. Mun það tæplega nægja til greiðslu þeirra skulda, sem þegar hefur verið stofnað til, og því ekki fé fyrir hendi til að greiða það, sem unnið verður á þessu ári.

Nokkuð mörg sveitabýli hafa nú þegar fengið rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, þar á meðal þjóð- og kirkjujarðir. Landeiganda ber að greiða heimtaugargjald um leið og rafmagn er leitt heim á býlið. Heimtaugargjaldið er frá 5—15 þús. kr. á býli eftir því, hversu hátt fasteignamat jarðar og húss er. Á fjárlögum er ekkert ætlað fyrir þessum útgjöldum, enda þótt augljóst sé, að ríkið getur ekki skorast undan að greiða heimtaugargjöld fyrir þau býli, sem eru í eigu þess. Af þessu er ljóst, að ef ríkið uppfyllir lagalegar og siðferðislegar skyldur við ábúendur þjóð- og kirkjujarða, kostar það geysimikil útgjöld fyrir ríkissjóð.

Má því fullyrða, að það er röng stefna fyrir ríkið að halda í þann eignarrétt, sem það hefur á mörgum jörðum í landinu. Það er einnig að öðru leyti þjóðhagslegt tjón, vegna þess að bændur bæta fremur þær jarðir, sem þeir eiga sjálfir, heldur en ef þeir eru leiguliðar, hvort heldur það er hjá ríkinu eða einstaklingum. Þess vegna er lagt til, að ábúendum ríkisjarða verði gefinn kostur á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar. Mundu bændur taka því boði yfirleitt með þökkum og ríkissjóður þannig losna við bagga, sem eðlilegt er að losa hann við að bera.